

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands.

#### 1. gr.

Aftast í 3. gr. bætist við ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

#### Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði staflíða e og f kýs stúdentaráð Háskóla Íslands tvo aðalmenn og tvo varamenn til setu í háskólaráði til tveggja ára fyrir tímabilið 1. júlí 2014 til 30. júní 2016, samkvæmt reglum sem stúdentaráð hefur sett þar um.

#### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 130. gr.:

- a. 1. mgr. orðast svo:
  - a. Til *BS-prófs* í rafmagns- og tölvuverkfræði.
  - b. Til *BS-prófs* í mekatróník hátæknifræði og orku- og umhverfistæknifræði og fer kennslan fram á vettvangi Keilis.
  - c. Til *meistaraprófs*, *MS-prófs*, í rafmagns- og tölvuverkfræði, rafmagnsverkfræði og tölvuverkfræði.
  - d. Til *doktorsprófs*, *Ph.D.-prófs*, í rafmagns- og tölvuverkfræði, rafmagnsverkfræði og tölvuverkfræði.
- b. 5. mgr. orðast svo: Til *BS-prófs* í rafmagns- og tölvuverkfræði er krafist minnst 180 eininga.
- c. Á eftir 5. mgr. bætist við ný málsgrein, svohljóðandi: Til *BS-prófs* í mekatróník hátæknifræði og orku- og umhverfistæknifræði er krafist minnst 220 eininga. Nám í tæknifræðigreinum er aðgreint frá námi í rafmagns- og tölvuverkfræði og fer fram á öðrum vettvangi.
- d. Núverandi 6. mgr. orðast svo: Til *MS-prófs* er krafist 120 eininga náms að loknu *BS-prófi* í rafmagns- og tölvuverkfræði frá deildinni.

#### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 131. gr.:

- a. 1. málslíður 1. mgr. orðast svo: Kennslu til *BS-prófs* í rafmagns- og tölvuverkfræði skal haga þannig að stúdent geti lokið 180 eininga námi á þremur árum.
- b. Á eftir 2. málslíð 1. mgr. bætast við tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Kennslu til *BS-prófs* í mekatróník hátæknifræði og orku- og umhverfistæknifræði skal haga þannig að stúdent geti lokið 220 eininga námi á þremur og hálfu ári. Hámarksnámsstími til þess að ljúka *BS-prófi* í tæknifræði er tíu kennslumisseri frá því er stúdent var skrásettur í viðkomandi nám.
- c. Núverandi 4. málslíður 1. mgr. orðast svo: Kennslu til meistaraprófs í rafmagns- og tölvuverkfræði, rafmagnsverkfræði og tölvuverkfræði til 120 eininga skal haga þannig að stúdent geti lokið náminu á tveimur árum.

#### 4. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið í háskólaráði Háskóla Íslands, eru settar á grundvelli laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla og öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 10. júní 2014.

**Kristín Ingólfssdóttir.**

\_\_\_\_\_  
Þórður Kristinsson.